

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2018, þriðjudaginn 10. apríl var haldinn 144. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Hraunbæ 115 og hófst hann kl. 16.20. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Þráinn Árni Baldvinsson og Hildur Hrönn Oddsdóttir. Einnig voru viðstödd: Hörður Gunnarsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Elvar Örn Þórisson fulltrúi íbúasamtaka Árbæjar, Arna Hrönn Aradóttir fulltrúi íbúasamtaka Norðlingaholts og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á HverfisSKIPULAGI.
Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer umræða um hugmyndasöfnun vegna Hverfið mitt 2018.
Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri, lýðræði, lýðheilsa og Bragi Bergsson verkefnastjóri á umhverfis- og skipulagssviði, opin svæði, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 16.40 tekur Alda Magnúsdóttir sæti á fundinum.
3. Fram fer kynning á samstarfshóp um átak íbúa og fagaðila um betri hverfi í Árbæ.
4. Fram fer umræða um skipulagningu fyrir opin íbúafund hverfisráðs sem ráðgerður er 18. apríl nk. í samstarfi við íbúasamtök Árbæjar.
5. Lögð fram styrkbeiðni frá samstarfshópi um „Sumarið er tíminn“ upp á 50.000. Samþykkt að styrkja verkefnið að upphæð 50.000 kr.
6. Lögð fram umsókn íbúasamtaka Árbæjar úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Samþykkt að styrkja verkefnið að upphæð 232.500.
7. Lögð fram umsókn samstarfshóps fyrir hátíðarhöld sumardagsins fyrsta. Samþykkt að styrkja verkefnið að upphæð 60.000 kr.
8. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs vegna deiliskipulags fyrir Austurheiðar.
9. Fram fer umræða um verkefnið Hreinsum Reykjavík saman.

Fundi slitið kl. 18.20

Þorkell Heiðarsson

Hildur Hrönn Oddsdóttir
Alda Magnúsdóttir

Þráinn Árni Baldvinsson